

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Staðsetning

Reykjadalur er staðsettur í Mosfellsdal og er þangað aðeins um 20 mínútna akstur frá Reykjavík. Umhverfið er fallegt, skammt er í fjallendi og skemmtileg göngusvæði. Íþróttahús, sundlaug og heitur pottur eru á staðnum. Reiðhestar eru í næsta nágrenni og er um 10 mínútna akstur upp að Hafravatni þar sem farið er á báta. Húsnæði rúmar allt að 30 börn, en fjöldinn ræðst af samsetningu hópsins hverju sinni.

Starfsmenn

Starfsmenn yfir sumartímann eru um 40 talsins, flestir námsmenn í háskólanámi í heilbrigðis- og uppeldisgreinum. Einnig er nokkur hópur starfsmanna úr efri bekkjum framhaldsskóla. Hluti sumarstarfsmanna tekur einnig þátt í vetrarstarfinu.

Alda Róbertsdóttir er forstöðumaður Reykjadal.

Símatími forstöðumanns er frá kl. 18:00 - 20:00 alla mánudaga, síminn er 699 5466. Þegar starfsemi er í Reykjadal næst samband í síma 566 6234, einnig er hægt að hringja á skrifstofu félagsins í síma 535 0900.

Okkar hópur

Í Reykjadal koma börn og ungmenni alls staðar að af landinu. Flest eru á aldrinum sex ára til tvítugs. Í upphafi var þjónusta við hreyfihömluð börn megin markmið starfseminnar, en í dag er Reykjadalur opin allum þeim sem ekki geta notið þess að sækja aðrar sumarþúfir vegna fötlunar sinnar.

ÆVINTÝRI...

Reykjadalur er gleðinnar staður, stefnan þar er einföld og felst í orðunum gleði – árangur – ævintýri...



Mikil áhersla er lögð á að öllum þyki gaman og þegar börnin fara ánægð heim er takmarkinu náð.

VILTU STYRKJA STARFIÐ?

Kærleikskúlan er seld í desember ár hvert og rennur allur ágóði af sölnni til starfs í þágu fatlaðra barna og ungmenna.



Þeim sem áhuga hafa á að styrkja starfsemi Reykjadal með fjárframlögum, er bent á reikning númer 10 í Mosfellsútibúi Glitnis hf.

Upplýsingar til útfyllingar giróseðils eða innlagnarseðils:

Banki	Hb	Reikn.nr.	Kennitala
0549	26	10	630269-0249




The Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
The Benefit Society of Children with Disabilities

Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík
Sími + 354 535 0900
Fax + 354 535 0901
www.slif.is
2006



Styrktarfélag
lamaðra og fatlaðra

REYKJADALUR



www.slif.is



REYKJADALUR

GLEÐI - ÁRANGUR - ÆVINTÝRI lýsa vel þeirri starfsemi sem fram fer í Reykjadal, en þar hefur Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra rekið frá árinu 1963 sumar- og helgardvalarstað fyrir fötluð börn og ungmenni.

Um 200 gestir af landinu öllu njóta þess að dvelja í Reykjadal á ári hverju. Yfir sumartímann geta börnin komið og dvalið í eina til tvær vikur hvert og yfir vetrartímann tvær helgar.

Starfið er fjölbreytt og skemmtilegt og er mikil áhersla lögð á að örva frumkvæði barnanna og sjálfstraust.



Að koma í Reykjadal er ævintýri sem veitir ungmennunum frí frá alvöru hversdagsins. Að veltast um í grasinu, ærslast í heitri lauginni, strjúka hestunum og fá að fara á bak, sigla um á kanó, reyna sig í fjallgöngum, styrkja vinabönd og eignast nýja vini, takast á, hlæja og skemmta sér... er ævintýri.

SUMARSTARF

Sumardvöl hefst í lok maí og stendur til miðs ágústs. Lögð er áhersla á að hafa starfið sem líkast því sem gerist í öðrum sumarþúðum að teknu tilliti til getu hvers hóps. Íþróttir og leikir eru því stór hluti af starfseminni, auk þess sem gengið er á nálæg fjöll og ása, farið á hestbak og báta. Sundlaugin og heiti potturinn eru í mikilli notkun og njóta krakkarnir þess mjög að svamla um í heitu vatninu.



Sumarhátíðin

Hápunktur sumarsins er Sumarhátíðin sjálf, en þá koma allir sem dvalið hafa um sumarið ásamt aðstandendum. Ýmsir skemmtikraftar og hljómlistarmenn krydda daginn, starfsmennirnir sprella og allt flýtur í ljúffengum veitingum.

Gjaldskrá

Gjaldskráin í Reykjadal miðast við gjaldskrá í almennum sumarþúðum. Hægt er að greiða fyrir dvöl á skrifstofu SLF eða hringja í síma 535-0900 og greiða með greiðslukorti eða fá sendan gíróseðil.



VETRARSTARF



Yfir veturinn er starfsemi um helgar í Reykjadal. Hefst starfsemin í september og stendur fram í nóvember. Í lok janúar hefst svo starfsemin aftur og stendur fram í mars. Gert er ráð fyrir níu helgum hvort tímabil.

Brottför og koma

Lagt er af stað frá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra að Háaleitisbraut 13 klukkan 19.00 á föstudögum og komið til baka á sunnudögum klukkan 17.00 á sama stað.



Gjaldskrá

Greiða þarf 5.500.- krónur fyrir helgardvöl. Athugið, ef ekki er greitt viku fyrir dvölinu er litið svo á að viðkomandi ætli ekki að þiggja plássíð og því úthlutað að nýju.